

Stjórnarfundur BLÍ

Dags. 20. mars 2020 kl. 12:00

Skrifstofa BLÍ og á internetinu



BLAKSAMBAND
ÍSLANDS

Mæting:

Staður:

Grétar Eggertsson formaður	
Árni Jón Eggertsson, gjaldkeri	Teams
Stefán Jóhannesson, varaformaður	Teams
Kristín Hálfðánardóttir, ritari	Teams
Svandís Þorsteinsdóttir, meðstjórnandi	Teams
Sigurbjörn Árni Arngrímsson, varastjórn	Teams
Steinn Einarsson, varastjórn	Teams
Sævar Már Guðmundsson, Framkvæmdastjóri	
Óli Þór Júlíusson, mótastjóri	

Fundarefni

<ul style="list-style-type: none">Tillaga um frestun Öldungamóts BLÍ – umræða og ákvörðunartaka
<ul style="list-style-type: none">Aflýsa neðri deildum – umræða og ákvörðunartaka
<ul style="list-style-type: none">Afstaða um ákvörðun um aðra viðburði (yfirferð eftir fund með félögunum í gær)
<ul style="list-style-type: none">Önnur mál

Grétar stjórnar fundinum og Sævar ritaði fundargerð

Tillaga um frestun Öldungamóts BLÍ – umræða og ákvörðunartaka

Hver segir frá	Umræða	Næstu skref og ákvörðun
<ul style="list-style-type: none">Grétar	<ul style="list-style-type: none">Eftir góð samskipti við mótshaldara Steinaldar sem er dagsett í lok apríl/byrjun maí um þessa frestun þá eru uppi hugmyndir um frestun til haustsins.Stjórn ræddi málið og voru allir sammála um frestun. Þó vildu fundarmenn að helgi 2 í September yrði fyrir valinu þar sem vitað er að sum félög fá ekki að byrja að æfa fyrir en í byrjun September.	<ul style="list-style-type: none">Ákveðið að vera sammála mótsnefnd Steinaldar um frestun en að mótsnefndin sjálf finni hentuga dagsetningu. Samþykkt að gera það eins fljótt og auðið er þar sem þetta hefur mikla þýðingu fyrir liðin er varðar ferðaplön og að Steinöld sendi út fréttatilkynningu með Blaksambandinu.

Aflýsa neðri deildum – umræða og ákvörðunartaka

Hver segir frá	Umræða	Næstu skref og ákvörðun
<ul style="list-style-type: none"> Sigurbjörn Árni og Óli Þór segja frá málinu 	<ul style="list-style-type: none"> Umræða var nokkur um stöðuna en tvennt er í boði hér. Breyta engu á milli ára EÐA fara algjörlega eftir reglugerðum m.v. stöðuna í hverri deild fyrir sig. Rætt um að gera ekki eins og karfan í þessu en stjórnin þar hefur fengið mikið af gagnrýni fyrir sínar aðgerðir. Fundarmenn voru sammála um að aflýsa keppni í deildunum og lokastaðan verði eins og hún var þann 16. Mars. 	<ul style="list-style-type: none"> Sigurbjörn Árni byrjar á yfirlýsingu frá Stjórn vegna þessa þar sem því er lýst yfir að deildakeppni frá 1. Deild og neðar sé aflýst og staðan þann 16. Mars sé í gildi. Engar úrslitakeppnir verði í þessum deildum. Yfirlýsingin send á stjórn og sett á heimasíðu BLÍ síðar í dag.

Afstaða um ákvörðun um aðra viðburði (yfirferð eftir fund með félögnum í gær)

Hver segir frá	Umræða	Næstu skref og ákvörðun
<ul style="list-style-type: none"> Grétar frá fundinum og biður stjórnarmenn um álit á stöðunni 	<ul style="list-style-type: none"> Nokkur umræða var um þetta en alveg var ljóst að félögin voru ekki sammála um hvernig þau sjái fyrir sér að klára leiktíðina. Komu upp hugmyndir um einn úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn í lok maí og hafa Kjörísbikarinn áfram. Stjórn sé ekki annað raunhæft en að eitthvað verði hægt að gera fyrr en eftir 15. Maí en einhver félög 	<ul style="list-style-type: none"> Ákveðið var að hafa með í yfirlýsingunni að aflýsa Mizunodeildunum og tilkynna um deildarmeistara, KA í kvennaflokki og Prótt Nes í karlaflokki. Okkur var gefið andrými á fundinum í gær þannig að aðrir viðburðir verði settir á bið þar til síðar, þ.e.a.s. úrslitakeppni efstu flokka og Kjörísbikarinn. Ákveðið að miða við

	<p>gætu ekki haft þol í þetta dæmi þá</p> <ul style="list-style-type: none"> • Rætt um að aflýsa Mizunodeildinni og krýna deildarmeistara m.v. stöðuna núna. 	<p>dagsetninguna 3. Apríl um ákvörðun hvort eitthvað verði klárað eða ekki.</p>
--	---	---

Önnur mál

Hver segir frá	Umræða	Næstu skref og ákvörðun
<ul style="list-style-type: none"> • Steinn og Grétar segja frá Yngriflokkamótum og aflýsingu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Umræða um að aflýsa mótinu var stutt og allir sammála um að aflýsa yngriflokkamóti 	<ul style="list-style-type: none"> • Ákveðið að aflýsa yngriflokkamótinu og hafa með í yfirlýsingunni sem fer til félaganna og á heimasíðuna síðar í dag.
<ul style="list-style-type: none"> • Grétar 	<ul style="list-style-type: none"> • Fyrr í vikunni var ákveðið að fresta ársþingi BLÍ en ekki hefur verið fundin ný dagsetning á það 	<ul style="list-style-type: none"> • Staðfest á fundi að ársþingi BLÍ hafi verið frestað um óákveðinn tíma.

Sigurbjörn Árni sendi inn drög að tilkynningu sem stjórnarmenn samþykktu og var Sævari framkvæmdastjóra falið að senda yfirlýsinguna út og setja á heimasíðu sambandsins.

Fundi slitið kl. 13:00

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð